


Efni: Umsögn Isavia um tillögu að þingsályktun 351, um stöðu sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Isavia tekur undir mikilvægi þess að ráðist verði í úttekt á samfélagslegum áhrifum þeirrar öru fólksfjölgunar sem verið hefur á Suðurnesjum og fyrirsjáanlegt er að muni halda áfram.

Fólksfjölgun á Suðurnesjum hefur verið langt umfram meðaltalsfjölgun á landinu á undanförunum árum og er ein megin ástæða þess er nær fordæmalaus aukning í flugumferð um Keflavíkurflugvöll. Við upphaf 21. aldar fóru um 1,5 milljón farþega um flugvöllinn á ári og fram til ársins 2010 fjölgaði þeim um 500 þúsund, í 2 milljónir. Árið 2017 fóru hins vegar ríflega 8,5 milljónir farþega um Keflavíkurflugvöll þannig að aukningin á síðustu sjö árum er meira er fjórföld. Það er vel þekkt að fjölgun farþega kallar á aukin umsvif í mörgum greinum og þannig verða til gríðarlega mörg störf í hagkerfinu.

Evrópudeild ACI (Airport Council International) hafa látið gera ítarlegar rannsóknir á þeim umsvifum sem fylgja farþegum á flugvöllum. Niðurstaða þeirra er að til verða 1,2 bein störf á hverja þúsund farþega á flugvöllum þar sem farþegar eru 10 milljón eða færri. Í tilfelli skiptifarþega lækkar þessa tala lítillega. Isavia lét vinna sérstaka úttekt fyrir Ísland á þessum þáttum og birtist sú úttekt árið 2016 í skýrslunni „Keflavíkurflugvöllur - Stóriðja í stöðugum vexti“. Í henni kemur skýrlega í ljós að þau miklu umsvif sem fylgt hafa fjölgun farþega á Keflavíkurflugvelli, skýra þann mikla viðsnúning sem orðið hefur á atvinnuástandi og umsvifum á Suðurnesjum. Jafnframt er ljóst að þessi þróun mun halda áfram, því að jafnvel þó svo að það hægi á hlutfallslegri aukningu farþega á Keflavíkurflugvelli mun fjölgun beinna starfa áfram verða mikil. Þetta skýrist af því að fjöldi farþega er orðinn það mikill að hæg hlutfallsaukning kallar á mörg störf samkvæmt rannsóknum ACI.

Fjöldi nýrra starfa á Keflavíkurflugvelli á ári



Mynd 1: Árleg fjölgun nýrra starfa Keflavíkurflugvelli 2013 til 2017 og áætluð árleg fjölgun fram til 2040. Heimild: Aton

Til viðbótar greiningu á afleiddum áhrifum af aukningu á flugfarþegum til landsins hefur Isavia kynnt þróunaráætlun fyrir Keflavíkurflugvöll sem gerir ráð fyrir umfangsmiklum framkvæmdum á vellinum til að mæta þessari aukningu. Á þessu ári fer fram útboð vegna framkvæmda við áframhaldandi breikkun tengibyggingar sem áætlað er að verði tilbúin í árslok 2021. Á árunum 2023-2025 er gert ráð fyrir að taka í notkun farþegaafgreiðslu í nýrri byggingu norðan við núverandi flugstöð og austur af henni nýrri komu- og brottfararálfu. Þessar framkvæmdir kalla á mikið magn vinnuafls og enn frekari umsvif á svæðinu. Í því ferli hefur Isavia lagt áherslu á samráð við íbúa á svæðinu, sveitarstjórnir, verkálýðsfélög, atvinnurekendur og hið opinbera.

Isavia telur fulla ástæðu til að gerð verði úttekt þar sem farið verði skipulega yfir þá samfélagslegu þætti sem hröð uppbygging, og fólksfjölgun samhliða henni, á Suðurnesjum hefur áhrif á. Slík úttekt skapar forsendur til þess að takast á við þessa öru þróun með uppbyggilegum og árangursríkum hætti. Isavia lýsir því yfir stuðningi við að gerð verði úttekt á samfélagslegum áhrifum þeirrar öru fólksfjölgunar sem verið hefur á Suðurnesjum og gera má ráð fyrir að haldi áfram. Isavia tekur jafnframt undir mikilvægi þess að unnin verði aðgerðaráætlun á grundvelli úttektarinnar þegar hún liggur fyrir.

Alþingi – nefndasvið
Umhverfis- og samgöngunefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjanesbær, 18. apríl 2018
Mál nr. 2018020015/00.01

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stöðu sveitarfélaganna á Suðurnesjum, 250. mál

Á fundi bæjarráðs Reykjanesbæjar þann 18. apríl 2018 var lögð fram tillaga til þingsályktunar um stöðu sveitarfélaganna á Suðurnesjum, 250. mál.

Eftirfarandi var fært til bókar:

Bæjarráð Reykjanesbæjar fagnar fram kominni þingsályktunartillögu. Eins og úttekt Aton sýnir hallar verulega á Suðurnesjamenn þegar framlög til ríkisstofnana eru skoðuð á sama tíma og sveitarfélögin gera allt sem í þeirra valdi stendur til að veita íbúum, þeim sem fyrir eru og nýjum, íslenskum og erlendum, viðunandi stig lögboðinnar þjónustu. Fordæmi eru fyrir sams konar samstarfi og hér er lagt til að komið verði á laggimar m.a. þegar uppbygging virkjana og álvers á Austurlandi stóð yfir. Spár flugfélaganna og ISAVIA gera ráð fyrir að störfum, eingöngu í tengslum við aukna flugumferð um Keflavíkurflugvöll, muni fjölga um 400-500 á ári næstu árin. Það er eins og eitt álver á ári. Þá eru ótalin öll önnur störf sem þarf að manna á svæðinu. Því er fyrirséð að fólksfjölgun, sem var 8,8% í Reykjanesbæ 2017, mun halda áfram næstu árin. Gera má ráð fyrir að stór hluti nýrra íbúa verði af erlendu bergi með tilheyrandi álagi, áhrifum og breytingum á innviðum, þjónustu, samfélagsmynstri og menningu sem nauðsynlegt er að fylgjast með, mæla og rannsaka.

Ofangreint tilkynnist hér með

f.h. Reykjanesbæjar



Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir

Skjalavörður



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Skógarbraut 945 · 235 Reykjanesbær · Kt. 640479-0279
Sími: 420-3288 · Netfang: sss@sss.is

Alþingi, nefndasvið

Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

Reykjanesbær 13. apríl 2018

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stöðu sveitarfélaganna á Suðurnesjum. Lagt fram á 148. löggjafarþingi, mál. nr.250.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum fagnar fram komni tillögu til þingsályktunar um stöðu sveitarfélaga á Suðurnesjum. Nýlega hafa fulltrúar sveitarstjórna á Suðurnesjum hafa lýst yfir áhyggjum vegna þessa þar sem fólksfjölgun á svæðinu hefur verið langt umfram meðaltalsfjölgun á landinu öllu en aukning fjárframlaga ríkisins til stofnana og verkefna á svæðinu hefur á engan hátt fylgt þeirri þróun.

Á síðustu árum hefur orðið gríðarleg fólksfjölgun á Suðurnesjum sem skýrist að miklu leyti af verulega auknum umsvifum á Keflavíkurflugvelli. Þannig voru íbúar Suðurnesja 21.560 árið 2014 en 25.800 í lok árs 2017. Í Reykjanesbæ sem er stærsta einstaka sveitarfélagið á Suðurnesjum hefur fjölgunin orðið 14.254 árið 2014 í 17.810 í lok árs 2017. Hlutfallslega er fjölgun íbúa á landinu er langmest á Suðurnesjum.

Íbúafjöldi landsins hefur frá árinu 2000 aukist um 19% eða um 53.480 manns. Meginhluti þessarar aukningar er á höfðaborgarsvæðinu og Suðurnesjum eða 64%. Fjölgun íbúa á Suðurnesjum á þessum tíma er 24%. Ef skoðuð eru árin 2013-2017 fjölgaði íbúum á Suðurnesjum um 21%, meðan íbúum á Suðurlandi fjölgaði um 11% og íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um 8%. Á síðustu 24 mánuðum hefur íbúum á Suðurnesjum fjölgað um 15%.

Atvinnuleysi á Suðurnesjum var á bilinu 12-13 % á árunum 2009-2011 og því um 4-5 prósentustigum yfir landsmeðaltali. Frá árinu 2012 hefur dregið hratt úr atvinnuleysi og var það komið niður fyrir 6% árið 2014. Í gögnum frá Vinnumálastofnun má sjá að atvinnuleysi hafi enn verið mest á Suðurnesjum á árinu 2015 þó svo það hafi lækkað mikið síðustu misseri og var að jafnaði um 4% á árinu 2015. Á árinu 2016 var atvinnuleysi á Suðurnesjum 2% og hefur haldist þar þannig að frekari eftirspurn eftir vinnuafli verður mætt með enn frekari fjölgun fólks inn á svæðið.

Í þessu samhengi er rétt að benda á að vegna góðs ástands á vinnumarkaði á landinu hefur eftirspurn eftir vinnuafli verið mætt með vinnuafli erlendis frá. Hlutfall innflytjenda á Suðurnesjum var 19,06% árið 2017 og eru Pólverjar langfjölmennasti hópurinn. Hæst er hlutfallið í Sandgerðisbæ eða 21,6% en lægst í Vogum 14,93% (sjá meðfylgjandi töflu).



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Skógarbraut 945 · 235 Reykjanesbær · Kt. 640479-0279
Sími: 420-3288 · Netfang: sss@sss.is

Hlutfall innflytjenda eftir sveitarfélögum 1. janúar 2017

- Reykjanesbær 19,32%
- Grindavíkurbær 17,34%
- Sandgerðisbær 21,6%
- Sveitarfélagið Garður 20,32%
- Sveitarfélagið Vogar 14,93%

Leiða má líkum að því að ef spár Isavia ganga eftir um aukningu á farþegum í gegnum Keflavíkurflugvöll má búast við verulegri fjölgun starfa. Ekki er hægt að mæta þeirri fjölgun með náttúrulegum hætti og búast má því við því að hlutfalli innflytjanda á Suðurnesjum muni hækka enn frekar á komandi árum.

Í áætlanagerð ríkisins virðist ekki vera tekið nægjanlegt tillit til þess ef óvenju mikil fólksfjölgun verður á einstökum svæðum. Af þeim sökum er lagt til að m.a. verði skoðað sérstaklega fjárframlög ríkisins til opinberra stofnana og annarra mikilvægra verkefna á svæðinu til þess að íbúar búi við sömu þjónustu og íbúar annarra svæða landsins. Má t.d. geta þess að fjárlaukning til Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja var 1% á ári með 0,5% hagræðingarkröfu meðan að íbúum svæðisins fjölgaði um 15%.

Vert er að enda á að í drögum að Byggðaaætlun er nú er í vinnslu hjá Alþingi kemur m.a. fram að markmið hennar sé að landið allt sé í blómlegri byggð þar sem landsmenn hafi aðgang að grunnþjónustu, atvinnutækifærum og lífskjörum, óháð efnahag og búsetu. Það er því mikilvægt að ríkisvaldið bregðist við og vinni saman með sveitarfélögum á Suðurnesjum til að tryggja að íbúar svæðisins njóti fyrrnefndra gæða líkt og aðrir landsmenn.

Virðingarfyllt,

f.h. Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum

Berglind Kristinsdóttir
Berglind Kristinsdóttir
Framkvæmdastjóri.

250. mál til umsagnar

Eftirfarandi er bókun bæjarráðs Sandgerðisbæjar frá 693. fundi sem haldinn var þann 24.04.2018.

Bæjarráð Sandgerðisbæjar telur rétt að staða Suðurnesja verði skoðuðu sérstaklega enda vöxtur á svæðinu mikill, hraður og nánast fordæmalaus í íslenskri sögu. Bæjarráð tekur því heilshugar undir þingsályktun um stöðu sveitarfélaganna á Suðurnesjum.



Með bestu kveðju,

Jóna María Viktorsdóttir

Þjónustufulltrúi

Sandgerðisbær

Varðan - Miðnestorg 3

245 Sandgerði

jona@sandgerdi.is

420 7500

Sveitarfélagið Vogar fagnar fram kominni tillögu til þingsályktunar um stöðu sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Undanfarnar vikur og mánuði hafa fulltrúar sveitarstjórna á Suðurnesjum lýst yfir áhyggjum vegna þessa þar sem fólksfjölgun á svæðinu hefur verið langt umfram meðaltalsfjölgun á landinu öllu en aukning fjárframlaga ríkisins til stofnana og verkefna á svæðinu hefur á engan hátt fylgt þeirri þróun. Á síðustu árum hefur orðið gríðarleg fólksfjölgun á Suðurnesjum sem skýrist að miklu leyti af verulega auknum umsvifum á Keflavíkurflugvelli. Þannig voru íbúar Suðurnesja 21.560 árið 2014 en 25.800 í lok árs 2017. Hlutfallsleg hefur íbúum fjölgað mest á Suðurnesjum, borið saman við landið allt.

Atvinnuleysi á Suðurnesjum var á bilinu 12-13 % á árunum 2009-2011 og því um 4-5 prósentustigum yfir landsmeðaltali. Frá árinu 2012 hefur dregið hratt úr atvinnuleysi og var það komið niður fyrir 6% árið 2014. Í gögnum frá Vinnumálastofnun má sjá að atvinnuleysi hafi enn verið mest á Suðurnesjum á árinu 2015 þó svo það hafi lækkað mikið síðustu misseri og var að jafnaði um 4% á árinu 2015. Á árinu 2016 var atvinnuleysi á Suðurnesjum 2% og hefur haldist þar þannig að frekari eftirspurn eftir vinnuafli verður mætt með enn frekari fjölgun fólks inn á svæðið. Leiða má líkum að því að ef spár Isavia ganga eftir um aukningu á farþegum í gegnum Keflavíkurflugvöll má búast við verulegri fjölgun starfa. Ekki er hægt að mæta þeirri fjölgun með náttúrulegum hætti og búast má því við því að hlutfalli innflytjanda á Suðurnesjum muni hækka enn frekar á komandi árum.

Vert er að benda á að í drögum að Byggðaáætlun er nú er í vinnslu hjá Alþingi kemur m.a. fram að markmið hennar sé að landið allt sé í blómlegri byggð þar sem landsmenn hafi aðgang að grunnþjónustu, atvinnutækifærum og lífskjörum, óháð efnahag og búsetu. Það er því mikilvægt að ríkisvaldið bregðist við og vinni saman með sveitarfélögum á Suðurnesjum til að tryggja að íbúar svæðisins njóti fyrrnefndra gæða líkt og aðrir landsmenn.

Umsögnin var samþykkt á 254. fundi Bæjarráðs Sveitarfélagsins Voga, þann 18. apríl 2018.

Virðingarfyllt,

Ásgeir Eiríksson
Bæjarstjóri
Sveitarfélagið Vogar
lðndal 2
190 Vogar
Sími 440 6200
asgeir@vogar.is



Tölvupóstur þessi og viðhengi hans kunna að innihalda trúnaðarupplýsingar. Ef þú ert ekki réttur viðtakandi, er þess óskað að þú gætir fyllsta trúnaðar og leyndar, hvorki lesir, skráir, afritir né notfærir þér tölvupóstinn á nokkurn hátt, eins og þér er skylt skv. 5. mgr. 47. gr. laga nr 81/2003 um fjarskipti. Jafnframt er farið fram á að þú tilkynnir til sendanda um móttöku tölvupóstsins eins fljótt og verða má, með því að endursenda tölvupóstinn eða með sjálfstæðum tölvupósti. Loks er þess óskað að þú eyðir tölvupósti þessum, viðhengjum hans og afritum ef um þau er að ræða.